

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt skipulagsáætlanir sem hér segir:

5. áfangi Helgafellshverfis – nýtt deiliskipulag – 302-Íb.

Nýtt deiliskipulag, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga, felur í sér nýtt hverfi með blandaðri byggð fjölbýlis-, rað-, par- og einbýlishúsa á 8,5 ha svæði, sem tengist við hringtorg Gerplustrætis, Vefarastrætis og Skammadalsvegjar. Ráðgert er að byggja 151 íbúð á svæðinu þar af 5 í sérstökum búsetukjarna fyrir fatlaða.

Hamraborg við Langatanga – nýtt deiliskipulag – 120-Íb.

Nýtt deiliskipulag, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga, er á 2,6 ha svæði á horni Langatanga og Bogatanga. Byggðin einkennist af blandaðri byggð fjölbýlis-, rað- og einbýlishúsalóða. Ráðgerðar eru 52 íbúðir að meðtöldu einu húsi sem fyrir er á svæðinu.

Leirvogstunguhverfi, endurskoðun – deiliskipulagsbreyting – 104-Íb.

Deiliskipulagsbreyting, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga, felur í sér endurskoðun á stígakerfi eldra skipulags, bætt er við snúningssvæðum í botnlöngum Vogatungu og Kvíslartungu. Einnig eru í breytingunni sýndir möguleikar á viðbótarlóðum. Sérstakir skilmálar eru settir um lóðastækkningar.

Kvíslartunga 134 – deiliskipulagsbreyting – 104-Íb.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að byggingarreitir á lóð nr. 134 við Kvíslartungu verður færður til um 3 m til suðvesturs, til að skapa meira rými norðaustan til á lóðinni.

Ofangreindar skipulagsáætlanir og skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 27. apríl 2022,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. apríl 2022